

Erindi Albínu Huldu, dags. 16. ágúst 2023, um lækkun hámarkshraða í botnlöngum við Háaleitisbraut

Sæl

Mig langar að leggja það til við íbúaa ráð að botnlöngum við neðri hluta Háaleitisbrautar verði breytt í vistgötur með 10 km hámarkshraða í samræmi við hámarkshraðaáætlun Reykjavíkurborgar. Þar segir: "10 km/klst. Vistgötur almennt. Húsagötur án sérstakra gangstétta. Mögulega húsagötur með gangstétt öðru megin. Verslunargötur. Bílastæði /Bílastæðagötur."

Sjá nánar hér <https://reykjavik.is/frettir/aukid-umferdaroryggi-i-reykjavik>


Botnlangarnir tveir eru bílastæðagötur með gangstétt öðru megin. Gangstéttarnar eru mjög lélegar og eiginlega orðnar ónothæfar en malbikið á götunni þarna er fínt. Eina umferðin þarna eru íbúar og það væri gott að geta nýtt götuna fyrir hjólreiðar barna, leiki og annað skemmtilegt.

Kveðja,

Albína íbúi á Háaleitisbraut 30

Meðfylgjandi er loftmyndakort af svæðinu tekið úr Borgarvefsjá.

21:51




AA

borgarvefsja.reykjavik.is



21:51



AA

borgarvefsja.reykjavik.is



